

Viðauki við ákvörðun PFS nr. xx/2016

Fyrirmæli um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um eftirfarandi breytingar á drögum Mílu að viðmiðunartilboði félagsins fyrir heildsöluaðgang að heimtaugum, sem tekur gildi frá og með xx.xx 2016. Að öðru leyti skal umrætt viðmiðunartilboð og viðaukar þess vera óbreyttir.

1. Eftirtalin hugtök í kafla 1.3 í meginmáli viðmiðunartilboðsins skal orðast svo:

„Heimtaug: „Áþreifanlegir innviðir fjarskiptaneta í aðgangsneti óháð tækni, þ.m.t. kopar- og ljósleiðaralínur, sem hægt er að veita fjarskiptaþjónustu um og eru almennt ekki samnýttir milli notenda. Annars vegar er um að ræða þann legg sem tengir nettengipunkt notenda við tengigrind í sírstöð í tilfelli koparvírs og hins vegar, í tilviki ljósleiðara, síðasta legg ljósleiðarakerfisins til notenda, t.d. frá skiptistöð eða hnútpunktum.“

„Heimtaugahluti (sub-loop): Sá hluti koparheimtaugar sem nær frá götuskáp til inntaks í húskassa endanotanda.“

„Húskassi: Lokanlegur skápur eða kassi sem hýsir inntak heimtauga eða annarra fjarskiptastrengja sem tengja áskrifendur í ákveðinni byggingu við hið almenna fjarskiptanet og þar sem tenging á sér stað milli hins almenna fjarskiptanets og innanhúslagna.“

„Inntak: Staður þar sem strengur í almennu fjarskiptaneti er tekinn inn í byggingu og tengist innanhúslögnum. Um er að ræða efnislegan nettengipunkt þar sem áskrifanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti. Staðsetning nettengipunkts að því er varðar þessar reglur er fyrsti tengipunktur fyrir innan útvegg, nánar tiltekið í tengingu milli tengilista á strengenda fjarskiptafyrirtækja og tengilista fyrir innanhússlagnir.“

2. Kafli 9 í meginmáli viðmiðunartilboðsins skal orðast svo:

„Míla ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna, enda megi ekki rekja umrætt sambandsleysi, fjarskiptarof eða aðrar truflanir til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu af hálfu Mílu.“

3. Kafli 13 í meginmáli viðmiðunartilboðsins skal orðast svo:

„Mílu er heimilt að óska eftir tryggingu frá þjónustukaupa um að staðið verði við skilmála samningsins og viðauka við hann. Verði óskað eftir tryggingu skal hún vera í samræmi við væntanlegt umfang viðskiptanna, þó eigi hærri en sem nemur áætluðum mánaðargjöldum fyrir heimtaugaaðgang þrjá mánuði fram í tímann. Þá er Mílu heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við sérstakar óskir þjónustukaupa um aðgang að heimtaugum. Þessi síðastgreindi málsliður á aðeins við í undantekningartilvikum og þá aðeins um fjárfestingar sem ekki mynda stofn til mánaðargjalda og stofngjalda fyrir heimtaugaleigu.“

4. Kafli 14 í meginmáli viðmiðunartilboðsins skal orðast svo:

„Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld eða fengin öðrum í hendur án skriflegs samþykkis gagnaðila.“

Þó er aðilum heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega að það taki á sig allar skyldur framseljenda samkvæmt samningnum.“

5. Eftirfarandi hugtak í viðauka 1a skal skilgreint svo:

„VULA: Opinn sýndaraðgangur að heimtaug (Virtual Unbundling Local Access)“

6. 11. tölul. kafla 3 í viðauka 1a skal hljóða svo:

„Komi til þess af ástæðum sem þjónustukaupi ber ábyrgð á að rýma þurfi eða breyta húsnæði á forræði Mílu, þar sem strengir fjarskiptafyrirtækja liggja, bera eigendur viðkomandi strengja hver um sig þann kostnað sem af slíkum breytingum leiðir. Náist ekki samkomulag á milli aðila getur PFS ákveðið kostnaðarskiptinguna.“

7. 13. tölul. kafla 3 í viðauka 1a skal hljóða svo:

„Mila áskilur sér rétt til að meta í hverju tilviki sem bilun kemur upp í koparheimtaug hvort mögulegt sé, og hagkvæmara, að færa heimtaugaleiguþjónustu yfir á ljósleiðaratengingu í stað þess að gera við koparheimtaugina. Slík yfirfærsla úr kopar yfir í ljósleiðara getur þó aðeins komið til að fengnu samþykki endanotenda og þjónustukaupa“

8. Kafli 8.7 í viðauka 1a skal hljóða svo:

„Óski þjónustukaupi eftir mælingu á heimtaug, skal þjónustusali verða við slíkum óskum. Þjónustukaupi getur óskað eftir verðtilboði í mælingarnar. Reynist heimtaug biluð er þjónustusala óheimilt að innheimta gjald fyrir mælinguna.“

Þjónustusali skal ef nokkur kostur er veita þjónustukaupa aðgang að mælingum í gegnum kerfi þjónustusala þar sem eftirfarandi mælingar eru að lágmarki aðgengilegar á heimtauganeti þjónustusala:

- *Settur heimtaugahraði gagnvart upp- og niðurstreymi (Actual Upstream and Downstream Rate)*
- *Hámarks heimtaugahraði gagnvart upp- og niðurstreymi (Max Upstream and Downstream Rate)*
- *Deyfing heimtaugar gagnvart upp- og niðurstreymi (Attenuation Upstream and Downstream Rate)*
- *Suðhlutfall gagnvart upp- og niðurstreymi (Noise Margin Upstream and Downstream)*

- Sendistyrkur í upp- og niðurstreymi (Transit (Tx) Power Upstream and Downstream)

Markmið ofangreindra mælinga af hálfu þjónustusala í gegnum kerfi þjónustukaupa er að greina hugsanlega truflanavalda á heimtauganetinu og tryggja um leið að truflanir af völdum milliheyrslu sé haldið í lágmarki.“

9. Kafli 2 með viðauka 2a skal hljóða svo:

„Viðauki 2a lýsir tæknilegum eiginleikum koparlínu við skiptan aðgang, ásamt almennum kröfum til búnaðar sem tengja má línunni. Ef Míla býður VDSL með vigrun á viðkomandi tengistað fellur réttur AFF niður. Míla skal þess í stað veita VULA aðgang.“

10. Kafli 4 með viðauka 2a skal hljóða svo:

„xDSL búnaður AFF skal eigi vera lengra frá TOA en 100 m en þó þannig að mismunur millistrengs Mílu og AFF skal ekki vera meiri en 50 m. Þetta er nauðsynlegt til að merki séu svo til af sama styrk á tengigrindum og með því lágmarka gagnkvæma milliheyrslu. Ákvæði þetta gildir ekki um fyrirkomulag sem er umfram þessi viðmið og þegar er komið á.“

11. Eftirfarandi skilgreining skal gilda í 1. kafla viðauka 2g:

“**Húskassi:** Lokanlegur skápur eða kassi sem hýsir inntak heimtauga eða annarra fjarskiptastrengja sem tengja áskrifendur í ákveðinni byggingu við hið almenna fjarskiptanet og þar sem tenging á sér stað milli hins almenna fjarskiptanets og innanhúslagna.“

12. Kafli 4.5 í viðauka 2h skal hljóða svo:

„Aðeins eru greiddar bætur til þjónustukaupa sem hafa 5 eða fleiri pantanir/bílanir í hvorum flokki og svæði fyrir sig í viðkomandi mánuði.“